

Fundur fagráðs atvinnu og nýsköpunar

23. júní 2023

Mætt: Díana Jóhannsdóttir, Elva Gunnlaugsdóttir, Karen Mist Kristjánsdóttir, Sigríður María Róbertsdóttir, Sigríður Vigfúsdóttir, Thomas Helmig og Guðrún Sigríður Tryggvadóttir

Dagskrá:

Árangursmat Sóknaráætlunar
Breytingar á Uppbyggingarsjóði
Straumar – nýting auðlinda á svæðinu

1. Árangurmat Sóknaráætlunar Norðurlands eystra

Elva fór yfir árangursmat á núverandi markmiðum í Sóknaráætlun Norðurlands eystra.

2. Breytingar á Uppbyggingarsjóði

Díana fór yfir minnisblað sem lagt var fyrir stjórn SSNE á síðasta stjórnarfundum og hvaða breytingar hafa verið samþykktar. Umræða skapast um tillögu um að leggja niður úthlutunarnefndina og fela hlutverk hennar til fagráða. Sama fyrirkomulag er hjá Rannís að fagráð sjá um úthlutnir og stjórn staðfestir svo úthlutanir.

Rætt um vanhæfi og mönnun fagráðs ef til þessa kæmi, þá þyrfti að horfa til þess að verkefnið er orðið stærra og að aðilar í fagráði mættu helst ekki vera aðilar sem eru að sækja um styrki í Uppbyggingarsjóð. Fagráðið tók vel í þessa hugmynd og telur að þetta myndi festa betur hlutverk og gildi fagráðanna. Erum í dag að funda of sjaldan sem gerir erfitt að halda samfellu í vinnunni.

3. Straumar – nýting auðlinda á svæðinu

Karen Mist verkefnastjóri Grænna iðngarða á Bakka kynnir verkefnið og ræðir um auðlindastrauma svæðisins.

Erum í dag að henda verðmætum og jafnvel að flytja inn efni sem eru að falla til á svæðinu. Í tengslum við iðngarða á Bakka þarf að horfa til stærra svæðis, sérstaklega varðandi þá auðlindastrauma sem eru á svæðinu og hvernig væri hægt að vinna þá áfram innan Bakka.

Sigríður Vigfúsdóttir yfirgefur fundinn.

Guðrún spyr hvort ætti ekki að hugsa þessar lausnir að landsvísu, sérstaklega varðandi rannsóknir. Karen svarar og segir það kosti og galla, erum með mikið af auðlindum á svæðinu. Thomas þetta er hagur fyrirtækjanna það er pressa frá kaupendum. Frekar að byrja smátt og stækka svo hugsanlega hugmyndina. Erum að vinna að zero waste en hugmyndin er að taka þetta í skrefum.

Umræða um hvernig við eigum að vinna þetta áfram og hvort það eigi að tengja þetta við áherslu í Uppbyggingarsjóð fyrir næstu úthlutun. Rætt um að fara dýpra í umhverfisþema fyrir úthlutun þá með áherslu t.d. á hringrásarhagkerfið, auðlindastrauma og að um sé að ræða verkefni með varanleg áhrif.

Langtíma áhrif og nýting auðlinda – starfsmenn útfæri nánar og sendi á fagráð í tölvupóst.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 14.30